

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 95/37/EB**

frá 18. júlí 1995

um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri(\*)

(Texti sem varðar EES)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1982 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að efni viðauka hennar verði breytt reglulega með hliðsjón af framförum á sviði vísinda og tækni. Viðaukunum var stept saman með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/248/EBE<sup>(2)</sup>.

Viðtækar prófanir hafa farið fram í nokkrum aðildarríkjum á nýrri notkun aukefnis í hópnum „sýklalyf“ og nýju aukefni í hópnum „hníslalyf og önnur lyf“. Svo virðist sem unnt sé að heimila þessa nýju notkun og þetta nýja aukefni í bandalaginu miðað við þá reynslu sem aflað hefur verið og rannsóknir sem fram hafa farið.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 70/524/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við tilskipun þessa.

**2. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1996. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**3. gr.**Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.**4. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. júlí 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Franz FISCHLER**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 172, 22. 7. 1995, bls. 21, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/96 frá 26. apríl 1996 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

(2) Stjtið. EB nr. L 124, 18. 5. 1991, bls. 1.

## VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á I. viðauka við tilskipun 70/524/EBE:

1. Í A-hluta „Sýklalyf“ bætist eftirfarandi við lið nr. E 717, „Avílamýsín“:

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða-flokkur	Hámarks- aldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					magn	magn	
					mg/kg heilfóðurs		
			Holdakjúklingar	-	2,5	10	-

2. Í D-hluta „Hníslyf og önnur lyf“ bætast eftirtalin atriði við :

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða-flokkur	Hámarks- aldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					magn	magn	
					mg/kg heilfóðurs		
„E 772	Narasín/Níkarbasín 32mmblanda af  a) narasíni og b) níkarbasíni í hlutfallinu 1/1	a) $C_{15}H_{21}O_{11}$ (pólýeter mónókarbo- xýlsýra framleidd af Streptómýses aureofasiens) í kyрнаformi  b) Efnasamband 1,3 bis (4-nítrofénýl) þvagefnis og 4,6-dímetýl píri- mídín-2-ól með jöfnum mólékúl- hlutföllum í kyрнаformi	Holdakjúklingar	-	80	100	Notkun bönnuð síðustu fimm dagana fyrir slátrun. Í notkun- arleiðbeiningum komi fram: - „Hættulegt hrossum“ - „Þetta fóður inniheldur jónófor: ekki er ráðlegt að nota það á sama tíma og tiltekin lyf eru notuð (t.d. tíamúlín)“